

**Ed.** **437. Frumvarp til laga** [226. mál]

um flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Salome Þorkeldsdóttir, Karl Steinar Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin láti reisa og starfrækja flugstöð fyrir farþega- og vöruafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Stöðin skal vera algerlega aðskilin frá mannvirkjum Varnarliðsins. Tryggja skal henni landrými, svo að þar geti síðar risið aðrar byggingar til sömu eða skyldra þarfa, svo og til samgönguæða að og frá stöðinni.

2. gr.

Stofna skal Byggingarsjóð flugstöðvar, er lúti sérstakri stjórn skipaðri af utanríkisráðherra. Stjórn sjóðsins skal jafnframt hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins. Sjóðurinn skal hafa sjálfstæðan fjárhag.

Tekjur sjóðsins skulu vera þessar, þrátt fyrir ákvæði annarra laga:

- a) 50% af innheimtu flugvallargjalds á Keflavíkurflugvelli.
- b) Hagnaður af fríhöfninni.

- c) Hagnaður af sölu varnarliðseigna.
  - d) 50% af lendingargjöldum á Keflavíkflugvelli.
  - e) Hagnaðarluti ríkissjóðs af starfsemi Íslenskra aðalverktaka.
- Sjóðsstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmdanna að fengnu samþykki utanríkisráðherra.

3. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að gera samninga við bandarísk stjórnvöld um þátttöku þeirra í kostnaði við byggingu stöðvarinnar og gerð athafnasvæðis vegna hennar, svo og um not Varnarliðsins af stöðinni á ófriðar- eða hættutímum.

4. gr.

Utanríkisráðherra skipar byggingarnefnd, er hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins. Hann tekur endanlegar ákvarðanir um gerð flugstöðvarinnar.

5. gr.

Flugstöðin skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum. Allt efni til smíði hennar skal undanþegið aðflutningsgjöldum.

6. gr.

Utanríkisráðherra setur reglugerð um rekstur flugstöðvarinnar, reikningshald og fjárreiður, daglega stjórn og annað sem þörf krefur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Ekki leikur vafi á nauðsyn þess, að ný flugstöð verði reist fyrir millilandaflug á Keflavíkflugvelli. Á síðasta þingi fluttu Benedikt Gröndal og Geir Hallgrímsson lagafrumvarp um þetta efni, en það varð ekki útrætt. Lagafrumvarp þetta er nú endurflutt í nokkuð breyttri mynd. Veigamesta breytingin er sú, að gerð er tillaga um stofnun sérstaks byggingarsjóðs fyrir flugstöðina og sjóðnum tryggðir ákveðnir tekjustofnar til verkefnisins. Alla þessa tekjustofna má rekja til starfsemi sem fram fer á Keflavíkflugvelli.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð þegar það var flutt á seinasta þingi:

„Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að reist skuli á Keflavíkflugvelli afgreiðslustöð fyrir farþega og vörur. Stöðin skal vera íslenskt mannvirki undir íslenskri stjórn og aðskilin frá athafnasvæði Varnarliðsins.

Núverandi flugstöð er með öllu ófær um að gegna þessu hlutverki. Hún er gömul timburbygging, sem meira hefur þegar verið byggt við en reglur leyfa. Í henni er óhjákvæmileg eldhætta, sem gæti leitt til stórslyss þegar farþegafjöldi er mestur í stöðinni. Aðstaða er mjög léleg fyrir marga þætti starfseminnar sem þar fer fram, og nægir þar að minna á eldhús og aðstöðu verkamanna á flughlaði. Þrengsli og vandræði einkenna nálega alla þætti stöðvarinnar.

Mál þetta á sér langan aðdraganda. Fimm ríkisstjórnir hafa fjallað um það án þess að framkvæmdir hafi enn verið ákveðnar. Unnið hefur verið að undirbúningi og stöðin hönnuð þannig að hún hefur verið minnkuð til muna frá fyrstu áætlunum og hugmyndum. Er vissulega tími til kominn að hefjast handa og leysa þann vanda, sem þetta stöðvarmál er.

Saga málsins verður ekki rakín hér, enda hefur það verið gert m. a. í nýlegri skýrslu til Alþingis. Hins vegar er óhjákvæmilegt að rifja upp, að ríkisstjórn komst á sínum tíma að

þeirri niðurstöðu, að Íslendingar mundu ekki ráða við að fjármagna þessa framkvæmd um langa framtíð. Var því farið fram á fjárhagslega þátttöku Bandaríkjamanna, þar sem Varnarliðið fær gömlu stöðina til afnota og mun hafa mikinn hag af aðskilnaði farþegaafgreiðslu og varnarumsvifa. Liggur nú fyrir, að Varnarliðið er reiðubúið til að fjármagna flughlað og leggja að auki 20 milljónir dollara til sjálfrar byggingarinnar, rúman helming áætlaðs kostnaðar, enda verði byggingin vara-sjúkraskýli á vellinum ef á þarf að halda. Það útheimtir engar teljandi breytingar á stöðinni og er engin fórn, því að hún mundi án efa gegna því hlutverki hvort eð er, ef til mikils flugslyss eða hernaðaraðgerða kæmi.

Flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er og verður „anddyri“ Íslands fyrir hundruð þúsunda af farþegum, sem þar hafa viðdvöl, koma til landsins eða fara frá því. Er hér sem annars staðar nauðsynlegt, að þetta verði myndarlegt og menningarlegt umhverfi og afgreiðsla öll sem þægilegust miðað við veðurfar og aðrar aðstæður.

Treysti Íslendingar sér til að fjármagna þessa stöð einir á nógu stuttum tíma væri það ágætt. Margir draga það í efa, og er þá edlilegt að Varnarliðið taki þátt í kostnaðinum, enda mun starfsaðstaða þess batna til muna við tilkomu stöðvarinnar. Ekki munu áhrif Varnarliðsins eða bandarísk ítök hér á landi aukast við þau útgjöld þeirra, heldur þvert á móti.

Flugstöðin verður alíslenskt mannvirki, rekið eingöngu af Íslendingum og mun bera þann svip, sem Íslendingar setja á hana.“